

**U M S Ö G N O G Á L I T**

**TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS**

**vegna**

**frumvarps til laga**

**um breytingu á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með**

**síðari breytingum**

**132. löggjafarþing 2005-2006**

**Þskj 252 -252. mál**

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/2071*  
*komudagur 24.4.2006*

**Apríl 2006**

## UMSÖGN OG ÁLIT TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

1. Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) gerir alvarlegar athugasemdir við ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 11. grein laga um tannlækningar.
2. Málsgreinin táknað meðal annars að tannlæknum verði SKYLT að auglýsa gjaldskrá sína árlega.
3. Það er líklega einsdæmi í sögu Alþingis að ein stétt manna sé skylduð smeð sérstökum sértækum lögum til að auglýsa samkvæmt nánari fyrirmælum löggjafans og framkvæmdavaldsins og senda þær auglýsingar til ríkisstofnunar sem hefur allt annað lagabundið hlutverk en að taka við auglýsingum og gjaldskrártilkynningum. Auk þess er tannlæknastéttin byggð upp af sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem ætti að vera frjálst að hafa viðskipti við hvern sem er án afskipta hins opinbera innan almennra gildandi laga um lækningar, viðskipti og samkeppni og í samræmi við siðareglur stéttarinnar.
4. Hér á eftir eru tilgreind þau helstu lög og reglur er snerta tannlækna og rekstur lækninga þeirra. Við lestur þessara laga og reglna er ljóst að starfsumhverfi tannlækna eru nú þegar þröngar skorður settar og er það undarlegt, í ljósi þess að hér er um að ræða heilbrigðisstétt, sem veitir þjónustu sem oftast er ekki er þannig vaxin að viðskiptavinur/sjúklingur er óbeint þvingaður til að eiga við tannlækni skipti og tannlæknir hefur læknisskyldur gagnvart sjúklingi.
5. Í frumvarpinu segir svo að tannlækna skuli EINNIG senda Tryggingastofnun ríkisins (Tr) gjaldskrána ásamt breytingum. Þetta er ekki skýrt nánar en alþingismennirnir tólf sem frumvarpið leggja fram telja að Tr sé vettvangur auglýsinga tannlækna um verð þjónustu þeirra. Hvergi er að finna þær heimildir eða þann grundvöll sem flutningsmenn byggja á þetta nýja hlutverk þessarar stofnunar ríkisins.
6. Setningin : Skulu tannlækna einnig senda Tryggingastofnun ríkisins gjaldskrána ásamt breytingum, þarfnast sérstakrar athugunar. Það er eðli frjásrar samkeppni að breytingar eru örar í framboði vöru og þjónustu sem og verði. Í frumvarpinu er verið að koma á skipulögðum ríkisreknum verðsamanburði sem á ekkert skylt við heilbrigða samkeppni. Sé tannlæknum óheimilt að breyta gjaldskrá sinni nema að auglýsa það og tilkynna sérstaklega eftir opinberum stofnanaleiðum þá mun líða langur tími frá því að tannlæknir breytir gjaldskrá sinni og þar til hann hefur uppfyllt lagaskyldu sína um auglýsingu og sendingu gjaldskrárinnar. Slíkar samkeppnishömlur eru óþekktar fyrr en með þessu frumvarpi. Fjöldi tannlækna sinnir lítið eða ekkert sjúkratryggðum sjúklingum og er því sérkennilegra að samkeppnishamlandi fyrirmæli frumvarpsins nái einnig til þeirra tannlækna er raunverulega sinna ekki styrkþegum Tr.

7. Flutningsmenn frumvarpsins tiltaka í greinargerð sinni að mismunur á svokallaðri ráðherragjaldskrá (einhliða gjaldskrá yfir ákveðin tannlæknisverk samin í heilbrigðisráðuneytinu) og gjaldskrá tannlækna sé ein ástæða framlagningar frumvarpsins. Tryggingastofnun ríkisins hefur án nokkurrar heimildar tölvuskráð upplýsingar af tannlæknareikningum tryggingaþega þar sem fram kemur gjald tannlæknis fyrir læknisverk. Það gjald er Tr algjörlega óviðkomandi, Tr er greiðslustofnun sem greiðir sjúklingum tannlækna vissa fjárhæð af hverju tannlæknisverki. Vert er athugunar hvornig ríkistofnun getur eytt almannafé í ólöglega söfnun upplýsinga, upplýsinga sem er alfarið mál tannlæknis og viðkomandi sjúklings. Hvernig slíkar upplýsingar rata inn á háttvirt Alþingi er einnig umhugsunarvert.
8. Gjaldtaka tannlækna er frjáls og á að vera óháð eftirliti aðila eða stofnunar eins og Tr sem hefur einungis það hlutverk að greiða vissa upphæð af skilgreindum læknisverkum. Hvergi í samkeppnislögum er gert ráð fyrir að Tr sinni verðlagseftirliti og auglýsingum fyrir tannlækna.
9. Það er eðli heilbrigðrar samkeppni að þiggjandi þjónustunnar hafi möguleika til að kanna verð, hafi eðlilegt verðskyn og kanni verð og gæði fyrir veitta þjónustu án beinna afskipta ríkisstofnana. Tannlæknum er bannað samkvæmt lögum að auglýsa þjónustu sína nema með afar þröngum skilyrðum. Siðareglur tannlækna teljast vera enn strangari hvað þetta varðar enda hefur skrum og skætingur verið stéttinni fjarri fram að þessu. Samkeppnisstofnun hefur sett fram sérreglur sem tryggja sjúklingum aðgengi að verðskrá og hefur verið litið á það sem sjálfsagðan hlut af tannlæknum að slíkt væri öllum opið.
10. Stétt tannlækna er að finna sig í nýju starfsumhverfi og lýtur þar lögum og reglum sem almennt gilda í þjóðfélaginu (sbr. þó sértækar reglur um verðupplýsingar tannlækna). Allar kannanir á gjaldskrá tannlækna sýna að þar er virk verðsamkeppni. Sama kemur fram í ólöglegri tölvuskráningu frjálsrar gjaldskrár tannlækna hjá Tr. Því er með öllu óskiljanlegt að hægt sé að setja sérlög um auglýsingaskyldu stéttarinnar og má leiða að því líkur að heilbrigð samkeppni muni láta undan skrumi og undirboðum, sem eru jafnalvarleg viðskiptaóheilindi samkvæmt samkeppnislögum, og okkur og oftaka í gjaldskrá. Enda kemur einmitt fram í ólöglegri tölvuskráningu Tr að virk samkeppni er meðal tannlækna hvað varðar tryggingaþega (annað getur Tr nú ekki “rannsakað”).
11. Það gleymist flutningsmönnum algjörlega að tekjur tannlækna af lækningum tryggingaþega eru aðeins 20%-22% af heildartekjum þeirra, að jafnaði. Er því fráleitara að einhver sérlög og og eitthvert sértækt eftirlit ríkisstofnunar eigi eitthvað með gjaldskrá tannlækna að gera. Frjáls félagasamtök hafa iðulega kannað verð hjá tannlæknum, með ágætum árangri fyrir alla aðila og í fullri sátt.
12. Síðari setningar í frumvarpi alþingismannan tólf eru léttvægar og skipta engu máli. eru þær hvort er eð að finna í núgildandi lögum og reglum.
13. Frumvarpshöfundar láta allitarlega greinargerð fylgja frumvarpinu. Í henni

er að finna margvíslegar útlistanir sem eiga að benda á hversu dýrar tannlækningar séu á Íslandi. Er erfitt að sjá tengsl einhliða ráðherragjaldskrár, sem upphaflega var sett 1998, við raunveruleikann hvað þá tengsl við framkomið frumvarp. Ætti raunar aðaláhyggjuefni og niðurstaða allrar þeirrar umræðu að vera, að einungis þriðjungur barna og unglinga, 33% 3-18 ára fór til tannlæknis á tólf mánaða tímabili (svar ráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar alþm.).

14. Svar ráðherra var reyndar fullt af villum og birtist því leiðrétt útgáfa hér með. (leiðrétt af undirrituðum)

	0-2 ár	3-5 ár	6-8 ár	9-11 ár	12-14 ár	15-17 ár	18 ára	Samt 3-18	%
<b>Fjöldi 1. des 2006</b>	12,160	12,266	12,399	13,013	13,605	13,807	4,132	69,222	
								<b>22819</b>	33.0
<b>ekki 2 ár</b>		5189	1631	1204	1318	1828	832	<b>12002</b>	17.3
<b>%</b>		42.3	13.2	9.3	9.7	13.2	20.1		
								<b>8981</b>	13.0
<b>ekki í 4 ár</b>			898	343	346	481	180	<b>2248</b>	3.2
<b>%</b>			7.2	2.6	2.5	3.5	4.4		
								<b>1761</b>	2.5
<b>Samtals</b>		16429	7934	5659	6095	8174	3520	<b>47811</b>	
Yfir 5 ára tímabil	fjöldi	61330	61995	65065	68025	69035	20660	3-18 ára	346110
% sem ekki fara til til		26.788	12.8	8.7	9.0	11.8	17.0		14

15. Ef athugað væri hvenær 19, 20, 21, 22 og 23 ára einstaklingar hafi farið síðast til tannlæknis yrðu niðurstöðurnar hrikalegar. Í hlustendakönnun Bylgjunnar kom t.d. í ljós að yfir 10% svarenda höfðu ekki farið í fimm ár til tannlæknis. Mest af hlustendum þeirrar útvarpsstöðvar er ungt fólk. Sumir teija það ekki mikil vísindi sem slíkar kannanir bjóða uppá en útvarpsstöðin Bylgjan er þó eini aðilinn sem hefur sýnt málinu alvöru áhuga, og gert eitthvað í því.

16. Útlistanir í greinargerðinni um hvað er greitt fyrir þjónustu tannlækna byggist á ólöglegri tölvuskráningu Tr á tannlæknareikningum sjúklinga, sem koma til Tr til að fá tryggingastyrk sinn greiddan af stofnuninni. Alþingismenn ákváðu að heilbrigðisþjónusta tannlækna yrði bundin frjálsri samkeppni og því er ekkert nema eðlilegt að gjaldskrá þeirra sé mismunandi. Annað væri óeðlilegt. Hitt er svo vert athugunar að hlutur sjúklings í tannlæknaþjónustu getur verið allt annar en fram kemur á kvittun þeirri er framvísað er til greiðslu styrks í húsakynnum Tr. Afslættir og greiðslukjör sem er hluti af samkeppnisumhverfinu kemur þar ekki

fram og kemur engum við nema tannlækni og þeim er greiðir svo framarlega sem gjörningurinn sé í anda laga og reglna. Í nýlegu svari ráðherra við enn einni fyrirspurn Jóns Gunnarssonar alpm. kom fram að “ódyrari” tannlæknarnir voru “dýrari” fyrir Tr og þar með skattborgarana en hinir sem voru með hærri gjaldskrá. Túlkun ráðherra á þeirri niðurstöðu er þó þannig að “ódyru” tannlæknarnir hafi haft svona miklu meira að gera en hinir “dýru” vegna þess að þeir séu svo ódyrir!?!? Sú niðurstaða er út í hött þegar listun í svarinu er skoðuð nánar og farið í meðalkostnað á hvern tryggingaþega.

17. Greinargerðin ber einnig saman gjaldskrár tannlækna milli landa (enn er aðeins stuðst við ólöglega skráningu af reikningum sjúklinga sem eiga rétt á endurgreiðslu frá Tr og áætlað að meðaltannlæknirinn sé 30% yfir gjaldskrá ráðherra) og er þar/ miðað við að hver dönsk króna sé 10 króna virði íslenskra. Gjörsamlega er ómögulegt að kanna hvað er verið að bera saman og er því slíkur “samanburður” út í hött. Sumsstaðar er til dæmis greint á milli röntgenmyndatöku (ódyr) og svo greiningar hennar (sem krefst lækniskunnáttu). Ekki er tilgreint nákvæmlega hvað felst í hverju tilviki í hverju landi í greinargerð frumvarpsins. Gengi íslensku krónunnar er til dæmis afar breytilegt og allur tilkostnaður hér allt annar en í öðrum löndum. Tannlækningar á Íslandi eru vissulega dýrari en í mörgum öðrum löndum og á það sínar skýringar. Sé það tilgangur frumvarpsins að lækka tannlæknaskostnað með handafli ættu höfundar þess að byrja á hinum endanum og tryggja lágan rekstrarkostnað tannlæknastofa en hann er nú 60-70 % af verðskrá og einungis tannsmíðakostnaður er 50% af kostnaði við föst tanngervi. Tannlæknar hafa lægri laun fyrir vinnu sína en í þeim löndum sem greinargerðin tiltekur og eru ekki hálfdrættingar í tekjum við sambærilegar stéttir eins og lækna og lögfræðinga hér á landi.
18. Tannlæknafélagið telur að tölvuúrvinnsla Tr á gögnum sjúklinga sem greiða tannlæknareikning sinn á tannlæknastofum sé ekki einungis ómarktæk heldur ólögleg. Viðskipti sjúklings og tannlæknis er þeirra einkamál og geta þeir gert hvaða samning sem er um greiðslur og framgang læknisþjónustunnar innan viðurkenndra ramma laga og réttar og siðareglna stéttarfélags síns.
19. Réttast væri flutningsmönnum að draga frumvarp sitt til baka og leyfa tannlæknastéttinni og sjúklingum að ráða fram úr því hvernig best sé að koma upplýsingum þar á milli, hvort sem það er verðskrá eða aðrar upplýsingar um þjónustuna. Í heimi samkeppninnar finnst besta leiðin þannig án opinberra afskipta innan ramma gildandi laga. Frumvarpið er samkeppnishamlandi og hefur enga aðra þýðingu en að auka tölvuvinnu opinberrar stofnunar, Tr. Enn má minna á að aðeins 20% umfangs tannlækninga hér á landi er vegna tryggingaþega Tr.
20. Í ljósi ofanritaðs lýsir Tannlæknafélagið því yfir að það mun ekki hvetja tannlækna til að fara eftir ákvæðum frumvarpsins verði það samþykkt sem lög. Verður látið á það reyna hvort hér sé rétt og eðlilega staðið að tillögugerð og fullreynt hvort markmiðin og niðurstaða frumvarpsins brjóti

ekki bága við gildandi lög og reglur og góða viðskiptahætti.

21. Félagið telur að hér sé verið að mismuna þegnum landsins freklega og brjóta jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar með því að skylda eina 300 manna atvinnustétt til að auglýsa sérstaklega og búa við tilkynningarskyldu um verðskrá hjá Tryggingastofnun ríkisins.
22. Tannlæknafélag Íslands bendir sérstaklega á ákvæði 18. gr. samkeppnislaga: “Ef Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því álit. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra”.
23. Félagið er að endurskoða siðareglur sínar með það að markmiði að löggjafinn geti óhindrað opnað fyrir auglýsingar heilbrigðisstétta óski hann þess. Í nýjum siðareglum verður að öllum líkum aðeins bent á gildandi lög um auglýsingar, en komi fram ósanngjörn eða óeðlileg lög um slíkar auglýsingar áskilja tannlæknar sér allan rétt til að koma með athugasemdir og breytingartillögur og munu sporna gegn skrumi og skekktri samkeppni með öllum ráðum.

Húsavík í apríl 2006

Sigurjón Benediktsson  
formaður TFÍ

**1. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands  
1944 nr. 33 17. Júní**

**Tók gildi 17. júní 1944.** *Breytt með* l. 51/1959 (tóku gildi 20. ágúst 1959), l. 9/1968 (tóku gildi 24. apríl 1968), l. 65/1984 (tóku gildi 13. júní 1984), l. 56/1991 (tóku gildi 31. maí 1991), l. 97/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995), l. 100/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995) og l. 77/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999).

**75. gr.** [Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

**Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.]1)**

**3. gr. 65. gr., sem verður upphafsgrein VII. kafla, verður svohljóðandi:**

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvivetna.

**6. gr. 68. gr. verður svohljóðandi:**

Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

**13. gr. 75. gr. verður svohljóðandi:**

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

**Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.**

**2. Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu  
2002 nr. 30 16. apríl**

**III. kafli. Upplýsingaskylda.**

**6. gr. Almennar upplýsingar.**

Þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

1. nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,
3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.

Ef um lögverndað starf er að ræða skal þjónustuveitandi einnig tilgreina:

1. starfsheiti og í hvaða landi það er veitt,
2. samtök sem þjónustuveitandi eða fyrirsvarsmaður hans er skráður hjá, og
3. gildandi starfs- eða siðareglur og með hvaða hætti er unnt að nálgast þær.

**Ef verð er gefið upp í tengslum við rafræna þjónustu skal það gert með skýrum og ótvíræðum hætti. Þegar rafrænni þjónustu er eingöngu beint að íslenskum neytendum skulu skattar innifaldir í verði.**

### **3. Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins 2005 nr. 57 20. Maí**

#### **I. kafli. Almenn ákvæði.**

**1. gr.** Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

#### **III. kafli. Eftirlit með gagnsæi markaðarins.**

**17. gr.** Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

**18. gr.** Neytendastofa getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Neytendastofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

**19. gr.** Í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra aflar Neytendastofa upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Neytendastofa skal setja verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.

### **4. Samkeppnislög**

**2005 nr. 44 19. maí**

*Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.*

**Tóku gildi 1. júlí 2005, nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 20. maí 2005.**

**8. gr.** Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er sem hér segir:

a. að framfylgja boðum og bönum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,

b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja,

c. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,

d. að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja; skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni; stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Samkeppniseftirlitið setur sér reglur<sup>1)</sup> um málsmeðferð.

Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst stofnuninni gefi



nægar ástæður til rannsóknar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er Samkeppniseftirlitinu heimilt að raða málum í forgangs röð.

1) Rgl. 880/2005, rgl. 890/2005.

#### **IV. kafli. Bann við samkeppnishömlum.**

**10. gr.** Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykktu og samstilltra aðgerða sem:

- a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
- b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
- c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,
- d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,
- e. setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

**18. gr.** Ef Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því álit. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

#### **5. Reglur frá Samkeppnisstofnun**

**Reglur  
um verðupplýsingar í auglýsingum**

Þegar verðupplýsingar eru gefnar í auglýsingum til neytenda verður að gefa þær með eftirfarandi hætti:

1. gr.

Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.

2. gr.

**Mælieiningarverð**

Þegar söluverð vöru er birt í ritaðri eða prentaðri auglýsingu skal einnig tilgreina mælieiningarverð.

3. gr.

**Útsala auglýst**

Þegar útsala er auglýst eða verðlækkun þarf að koma fram hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Þá kröfu verður að gera að borið sé saman sambærilegt verð fyrir útsölu og á útsölu.

4. gr.

Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1 Staðgreiðsluverð.

4.2 Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekin lánstíma.

Samkeppnisráð hefur sett reglur þessar til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum séu rangar, ófullnægjandi eða villandi, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og eru þær settar með heimild í 30. gr. laganna.

Reykjavík, 13. janúar 1995  
Samkeppnisstofnun

**Georg Ólafsson**

6. reglur frá Samkeppnisstofnun

Nr. 446 14. maí 2004

REGLUR

**um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna.**

**Gildissvið og markmið.**

1. gr.

Reglur þessar taka til allra sjálfstætt starfandi tannlækna.

Markmið reglnanna er að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

**Birting verðupplýsinga.**

2. gr.

Gjaldskrá sem sýnir verð á öllum aðgerðaliðum sem framkvæmdir eru hjá tannlækni skal

liggja frammi á tannlæknastofu.

Tannlækni sem reglur þessar taka til er skylt að hafa útdrátt úr gjaldskrá á áberandi stað á

biðstofu sinni. Útdrátturinn skal sýna verð á þeim aðgerðaliðum og í þeirri röð sem fram

koma í 4. gr. þessara reglna.

Í gjaldskrá og útdrætti skal koma fram dagsetning sem sýnir gildistöku.

3. gr.

Ef verð á einstökum aðgerðaliðum er breytilegt, skal bæði í gjaldskrá og í útdrætti gefa

upp lágmarks- og hámarksverð og skýringar á verðmun. Ef verð á einstökum aðgerðaliðum er

byggt á þeim tíma sem meðferð tekur, þá skal tímagjald gefið upp. Ef annars er ekki getið, þá

skal notkun á efni og hjálpargögnum vera innifalið í gjaldskrá og útdrætti.

**Útdráttur úr gjaldskrá.**

4. gr.

Í útdrætti skal koma fram verð á eftirfarandi aðgerðaliðum:

1. Skoðun, áfangaeftirlit, ein tímaeining.

2. Tannröntgenmynd.

3. Deyfing.

4. Flúorlökkun . báðir gómar.

5. Skorufylling . jaxl, fyrsta tönn.

6. Ljóshert plastfylling, einn flötur.

7. Ljóshert plastfylling, jaxl, tveir fletir.

8. Silfur . amalgam, jaxl, þrír fletir.

9. Gúmmídúkur, ein til þrjár tennur.

10. Rótarholsaðgerð; úthreinsun, einn gangur.

11. Rótarholsaðgerð; rótfylling, þrír gangar.

12. Létt tannsteinshreinsun, ein tímaeining.

13. Tanndráttur . venjulegur.

14. Endajaxl fjarlægður með skurðaðgerð.

15. Postulínsheilkróna á forjaxl. Tannsmíði innifalin.

16. Gervitennur, heilgómur á báða tanngarða. Tannsmíði innifalin.

17. Lýsingaskinnur og efni til tannlýsingar, báðir gómar.

Nr. 446 14. maí 2004

**Kostnaðaráætlun.**

5. gr.

Ef ætla má að meðferðarkostnaður verði 100.000 kr. eða meiri skal tannlæknir afhenda

neytanda skriflega heildarkostnaðaráætlun áður en meðferð hefst.

Ef kostnaðaráætlun breytist vegna ófyrirsjáanlegra atvika eftir að meðferð er hafin skal

tannlæknir gera nýja kostnaðaráætlun áður en meðferð er fram haldið.

**Sundurliðaður reikningur.**

6. gr.

Tannlæknir skal afhenda neytanda sundurliðaðan reikning í samræmi við gjaldskrá þannig að hann geti á auðveldan hátt séð hvaða meðferð hefur verið framkvæmd.

**Undanþága.**

7. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru

fyrir hendi.

**Viðurlög.**

8. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57.

gr.

Samkeppnislaga nr. 8/1993.

**Gildistaka.**

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993,

öðlast gildi þann 1. september 2004.

*Samkeppnisstofnun, 14. maí 2004.*

**Georg Ólafsson.**

*Kristín Færseth.*

## **Lög um tannlækningar**

**1985 nr. 38 12. júní**

11. gr. [Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.]1)

## **Frumvarp til laga**

um breytingu á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Gunnarsson, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson,  
Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Þuríður Backman, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir,  
Dagný Jónsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Valdimar L. Friðriksson.

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tannlæknum skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega, sem og breytingar á henni, jafnóðum og þær eru gerðar. Skulu tannlæknar einnig senda Tryggingastofnun ríkisins gjaldskrána ásamt breytingum. Þá er tannlæknum skylt að hafa gjaldskrána sýnilega sjúklingum á biðstofu. Um aðgengi að upplýsingum um gjaldskrár, birtingu gjaldskrár og takmörkun auglýsingaskyldu við algengustu liði gjaldskrár fer nánar samkvæmt reglugerð ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.